



Alþingi
Erindi nr. P 135/722
komudagur. 3.12.2007

Alþingi, 3. desember 2007.

Efnahags- og skattanefnd,
hr. Pétur H. Blöndal formaður.

Meðfylgjandi er umsögn meiri hluta samgöngunefndar um 23. mál, frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um almenningsamgöngur.

F.h. formanns samgöngunefndar

Sigrún Brynja Einarsdóttir
nefndaritari

SAMGÖNGUNEFND

Umsögn

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um almenningssamgöngur.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og kynnt sér umsagnir sem borist hafa frá Akraneskaupstað, Hafnarfjarðarbæ, BÍlgreinasambandinu, ríkisskattstjóra, Ísafjarðarbæ, Seðlabanka Íslands, sveitarfélaginu Álftanesi, Eyþingi og Mosfellsbæ.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um virðisaukaskatt í því skyni að fyrirtæki sem reka almenningssamgöngur sitji við sama borð og þeir sem reka hópferðabifreiðar varðandi endurgreiðslu virðisaukaskatts. Jafnframt er lögð til breyting á lögum um olfugjald þannig að þeir sem reka almenningssamgöngur fái það að fullu endurgreitt.

Meiri hlutinn telur að hér sé um sanngirnismál að ræða. Það er óeðlilegt að þeir sem reka hópferðabifreiðar fái 2/3 hluta virðisaukaskatts endurgreiddan, en ekki þeir sem reka almenningssamgöngur. Að sama skapi telur meiri hlutinn rétt að almenningssamgöngur verði ekki verr settar en fyrir upptöku olfugjalds og styður fulla endurgreiðslu þess. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Herdís Þórðardóttir, Árni Johnsen, Ármann Kr. Ólafsson og Guðjón A. Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Pétur H. Blöndal sat fundinn fyrir Ólöfu Nordal og stendur ekki að umsögn þessari.

Alþingi, 29. nóv. 2007.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form.,

Karl V. Matthíasson,

Árni Þór Sigurðsson,

Guðni Ágústsson.